

Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík



Búðardal, 30.11.2023

**Efni:** Umsögn vegna skilgreiningar á opinberri grunnþjónustu

---

Vísað er til máls nr. 238/2023, drög skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu sem birt var á Samráðsgátt þann 21.11.2023.

Sveitarfélagið Dalabyggð fagnar því að skilgreina eigi þá opinberu grunnþjónustu sem til staðar á að vera í byggðarlögum landsins en vill áréttta eftirfarandi:

Á bls. 2 í framlögðum drögum segir m.a.:

*"Verði grunnþjónustu ekki komið við á nærsvæði íbúanna, sem nánar er skilgreint fyrir viðkomandi þjónustu, eða með sambærilegum hætti með fjarþjónustu, njóta íbúar stuðnings við þjónustusókn sem tekur til kostnaðar við að sækja hana í tilteknum þjónustubáttum eftir því sem við á."*

Dalabyggð vill áréttta að skoða þarf möguleikana þar sem ódýrara er að greiða viðkomandi þjónustu styrki fyrir að fara til íbúanna. Til dæmis hvort ódýrara sé að 6 íbúar fái greitt fyrir að taka frí frá vinnu og keyra til sjúkrahjálfarans heldur en að sjúkrahjálfarinn fái styrkt til að keyra 1-2x í mánuði til þessara þjónustubega. Styrkir vegna ákveðinnar grunnþjónustu geta verið hagkvæmari á þann hátt, ekki bara þegar horft er á samtölu styrkgreiðslna heldur einnig þegar horft er á samfélagsleg áhrif líkt og fjarveru frá vinnu eða umhverfissjónarmið líkt og útblástur ökutækja.

Í drögum skilgreiningar á fyrri stigum málsins var talað um landsbyggðir og hefði verið gott að sjá þá notkun festast í sessi því eins og sagði í orðskýringunum:

*"Landsbyggðir: Hér er kosið að tala um hugtakið í fleirtölu sem er breyting frá hefðinni. Ástæðan er m.a. sú að ekki þykir rétt að flokka öll byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins eins og eitt svæði, þau eru mörg og hvert með sínu sniði."*

Á bls. 3 í framlögðum drögum er talað um að nýta tækniframfarir og bætt netsamband. Dalabyggð vill ítreka að til að hægt sé að beina frekari þjónustu og mikilvægri grunnþjónustu þá leið, þarf að horfa sérstaklega til þeirra svæða sem hafa orðið útundan í bæði bættu farsímasambandi og

netsambandi, þ.e. ekki hægt að leggja öll sveitarfélög eða svæði innan sveitarfélaga að jöfnu hvað þetta varðar. Byrja verður á að tryggja þessa þjónustuþætti áður en aðrir eru látnir treysta á að þeir séu til staðar.

Stafrænar lausnir eru góð **viðbót** við almenna opinbera grunnþjónustu, gæta þarf þó að því að önnur þjónusta eða staðþjónusta skerðist ekki umfram mikilvægi hennar þó til stafrænnar þjónustu komi.

Skilgreining á grunnþjónustu og svæðum má ekki verða til þess að þjónusta skerðist á nokkurn hátt miðað við svæðaskiptingu sem lagt er upp með s.s. á þeim svæðum sem hafa í dag meiri þjónustu en miðað er við í stigskiptingu þjónustunnar.

Þegar miða á við núverandi þjónustu, notkun og tíðni þarf að hafa í huga þá þætti sem eru ekki í góðum málum í dag, þ.e. ekki er hægt að afhæfa um að mikilvægi tengist núverandi þjónustu sem til staðar er, notkun hennar eða tíðni aðsóknar eða þarfar.

Á bls. 8 segir m.a. að fólk sé tilbúið til að fara um mismunandi langan veg til að sækja þjónustu og ef um er að ræða fjallvegi eða vegi án slitlags þá er vegalengdin styttri. Það er eins með stöðu samgöngumála líkt og fjarskiptin, ekki er hægt að leggja þetta að jöfnu milli allra sveitarfélaga. T.d. í Dalabyggð eru um 84,5 km af héraðsvegum, þar af eru 74,8 km malarvegir og á starfssvæði starfsstöðvar Vegagerðarinnar í Búðardal, sem teygir sig inn í þrjú önnur sveitarfélög eru 369km af 564km malarvegir, eða um 65%.

Dalabyggð telur mikilvægt að hér sé tekið tillit til víðfemra sveitarfélaga þar sem íbúar þurfa nú þegar að ferðast 40-60 km frá heimili til að komast í sinn næsta þjónustukjarna. Því er ekki hægt að miða vegalegndir fyrir þjónustuþega eingögnu við fjarlægðir milli þjónustukjarna.

---

Björn Bjarki Þorsteinsson  
*Sveitarstjóri Dalabyggðar*